

2023-2024

Starfsáætlun Bíldudalsskóla og Tjarnarbrekku

Lilja Rúnarsdóttir - skólastjóri

Inngangur	3
Starfsáætlun	3
Mat á starfsáætlun	3
Áherslur í skólstarfi 2023-2024	3
Hagnýtar upplýsingar um skólann	4
Bíldudalsskóli	4
Leikskólinn Tjarnarbrekka	4
Opnunartími	4
Forföll og leyfi	5
Leikskóli	5
Grunnskóli	5
Mötuneyti og nesti	5
Grunnskóli	5
Skóladagatal	6
Bíldudalsskóli	6
Aðrir sérstakir dagar hjá nemendum	6
Stjórnskipulag	7
Kennarar og starfsfólk	7
Starfslýsingar	8
Forföll kennara grunnskóla	8
Forföll kennara leikskóla	8
Fundaáætlun kennarafunda	9
Fundir	10
Aðrir fundir	10
Starfsáætlun nemenda	10
Grunnskólinn	10
Tjarnarbrekka	10
Nemendafjöldi	10
Stundaskrá/tímafjöldi	11
Ráð og nefndir	12
Áfallaráð	12
Foreldra- og skólaráð	12
Foreldrafélag	13
Nemendafélag- og nemendaráð	14
Skóla- og sérfræðipjónusta	14
Nemendaverndarráð/Stoðþjónustu Teymi	14
Sálfræðingur	15
Sérfræðipjónusta við starfsfólk Bíldudalsskóla	16
Heilsugæsla	16
Námsráðgjafi og iðjupjálfi	16
Símenntunaráætlun - starfsþróunaráætlun	16
Viðfangsefni innra mats	17
Námskrár og áætlanir	18
Samstarf heimilis og skóla	19

Helstu viðburðir skólaársins	19
Bíldudalsskóli	19
Tjarnarbrekka	20
Endurskoðun áætlana skólaárið 2023-2024	21

Inngangur

Hver skóli skal birta stefnu sína með tvennum hætti. Annars vegar er almenn stefnumörkun birt í skólanámskrá og hins vegar eru upplýsingar, sem eru breytilegar frá ári til árs, birtar í árlegri starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð skólanámskrár og starfsáætlunar og skal semja þær í samráði við kennara skólans og annað starfsfólk sem með því móti hafa skuldbundið sig til að framfylgja þeim. Í árlegri starfsáætlun er gerð grein fyrir starfstíma skólans og mikilvægum dagsetningum.

Í starfsáætlun kemur fram hvernig þeim 180 skóladögum, sem skóli hefur til ráðstöfunar, er varið. Í áætluninni er skóladagatal birt en þar sést hvenær kennsla hefst að hausti og hvenær henni lýkur að vori. Í árlegri starfsáætlun er, m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaeyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, skólabjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar eru birtar upplýsingar um starfsfólk skólans, stjórnkerfi, mögulegan stuðning fyrir nemendur af ýmsu tagi og almennar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers skólaárs. Starfsáætlun skóla er árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún sé unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitastjórnar um fyrirkomulag skólahalds.

Mat á starfsáætlun

Starfsáætlun er lögð fram að hausti en að vori metur starfsfólk skólans hvernig til hefur tekist með framkvæmd að vori. Mat á [starfsáætlun síðasta árs](#) fór ekki formlega fram en starfsáætlun þessi byggir á áherslum skólans fyrir komandi skólaár. Nýr skólastjóri starfar við skólann. Næsta mat á starfsáætlun er fyrirhugað vorið 2024.

Áherslur í skólastarfi 2023-2024

Bíldudalsskóli er grunnskóli fyrir nemendur í 1.-10. bekk en haustið 2017 voru leik- og grunnskóli sameinaðir undir einni yfirstjórn. Leikskólinn Tjarnarbrekka er fyrir nemendur frá 12 mánaða til 6 ára og er fyrsta skólastigið. Lögð er áhersla á heildstæða menntastefnu á milli skólastiga þannig að nemendur geti flust eðlilega á milli leikskóla og grunnskóla og á milli grunnskóla og framhaldsskóla í samræmi við einstaklingsbundna námsstöðu og þroska.

Helstu áherslur í skólastarfi Bíldudalsskóla eru fjölbreytt og skapandi nám þar sem einstaklingsmiðun er sett á oddinn. **Uppbyggingarstefnan, leiðsagnarnám, teymisvinna og kennsla, og þróun námsmatsstefnu í samræmi við námsvísa skólans.** Samvinna allra í skólasamfélaginu þar sem faglegt lærdómssamfélag og fagleg samstafsmenning er einnig einn af áherslupáttunum.

Vorið 2022 var tekin sú ákvörðun að hefja innleiðingu skapandi skólastarfs sem rímar við [skólastefnu sveitarfélagsins sem var endurskoðuð 2022](#). Bíldadalsskóli hefur einsett sér að innleiða gæða skólastarf sem byggir á gæðaviðum og innleiðingaráætlun sveitarfélagsins og menntastefnu ríkisins. Reglubundið innra mat sýni með hvaða hætti innleiðingin stendur hjá skólanum. Innra mats skýrsla skólans að vori sýnir stöðu skólans gagnvart þeim gæðaviðmiðum sem liggja til grundvallar.

Sérstök áhersla verður lögð á að útfæra námsmátið við skólann vel. Námsmatsstefna hefur verið útbúin og skýr viðmið um námsmat samtöl við nemendur. Umsjónarkennari hittir nemanda amk. þrisvar sinnum á hverri önn auk þess sem nemandinn boðar til nemendastýrð viðtals á sex vikna fresti. Í vetur er fyrirhugað að fylgja námsmatsáætluninni vel eftir og taka svo góðan tíma í vor í að endurskoða hana. Búið er að taka frá tíma á fundaáætlun fyrir endurskoðunina. Markmiðið er að námsmat sé skýrt, áreiðanlegt og kerfisbundið.

Kennarar eru að innleiða að nota Askinn sem námsmatstæki skólans og til þess að efla gæðavinnu. Markmiðið er að halda utanum allt námsmat þar með góðu upplýsingaflæði til nemenda og foreldra.

Hagnýtar upplýsingar um skólann

Bíldadalsskóli

- Strandgata 7
- 465 Bíldadal
- Sími: 450-2333
- Netfang: liljarut@vesturbyggd.is
- Skólastjóri: Lilja Rut Rúnarsdóttir

Leikskólinn Tjarnarbrekka

Tjarnarbraut 11

- 465 Bíldadal
- Sími: 450-2344
- Netfang: liljarut@vesturbyggd.is
- Leikskólastjóri : Lilja Rut Rúnarsdóttir

Opnunartími

Skólinn er opin frá kl. 7:45-16:00 alla virka daga. Leikskólinn Tjarnarbrekka er opin frá

kl. 7:45-16:15 alla virka daga.

Forföll og leyfi

Leikskóli

Foreldrum ber að láta starfsfólk vita um allar breytingar varðandi mætingu barna vegna veikinda eða leyfa. Hægt er að skrá veikindi í Mentor/Karellen og skilja eftir athugasemd. Ekki er aðstaða til að annast sjúk börn. Í leikskóla er alltaf meiri hætta á smiti og útbreiðslu algengra umgangspesta. Fáir barn smitandi sjúkdóm á það að vera heima, þar til smithætta er liðin hjá til að forðast að smita aðra í leikskólanum. Ef barn veikist á meðan það er í leikskólanum er hringt í foreldra þess og þeir beðnir um að sækja barnið. Barn getur fengið að vera inni í 2 daga eftir hita veikindi að beiðni foreldra að höfðu samráði við deildarstjóra eða leikskólastjóra, enda hafi það verið heima 1 – 2 daga hitalaust.

Grunnskóli

Forfallatilkynningum er hægt að koma á framfæri í síma 450 2333, á vef Mentor eða með tölvupósti til umsjónarkennara eða skólastjóra.

Leyfi til lengri tíma en 2ja daga þarf að sækja um rafrænt á vef Vesturbyggðar og verður henni komið áleiðis til umsjónarkennara. Öll röskun á námi nemanda sem hlýst af umbeðnu leyfi er á ábyrgð foreldra eða forráðamanna sbr. 15. grein grunnskólalaga frá 2008 sem hljóðar svo:

Sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu telji hann til þess gildar ástæður. Foreldrar skulu þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.

Kennurum Bíldudalsskóla er ekki skylt að útbúa sérstakar áætlanir eða verkefnapakka fyrir nemendur á meðan á leyfi þeirra stendur enda er nám barnsins þá á ábyrgð foreldra.

Ef óskað er eftir undanþágu frá skyldunámi í námsgrein er sótt um það skriflega til skólastjóra sem leggur umsókn fyrir farsældarráð Vesturbyggðar til umsagnar.

Mötuneyti og nesti

Grunnskóli

Nemendur á yngsta og miðstigi borða nesti sitt fyrir eða eftir frímínútur sem hefjast kl. 9:10. Unglingastigið borðar nestið sitt á meðan á frímínútunum stendur. Nesti hafa nemendur með sér að heiman og mælst er til að hollusta sé í fyrirrúmi. Lagt er til að ávextir og grænmeti sé aðaluppistaðan í því nesti og umbúðir eins og plastfernur og jógúrtplast er ekki æskilegt að koma með. Í vetur er maturinn eldaður af veitingastaðnum Vegamótum á Bíldudal. Nemendur borða í Baldurshaga alla daga vikunnar, frá mánudegi til föstudags. Nemendur sem koma með nesti að heiman hafa aðgang að örbylgjuofni og samlokugrilli. Eldri nemendur hafa einnig aðgang að heitu vatni. Upplýsingar um matseðla er að finna á

heimasíðu skólans, www.bildudalsskoli.is. Nemendur eiga að temja sér góðar reglur í matsal:

- Ganga hljóðlega um og sýna tillitssemi.
- Snæða við borð sem eru í matsalnum.
- Ganga snyrtilega frá borðum, skila diskum og áhöldum á vagna og henda rusli.

Vegamót elda einnig fyrir leikskólann og færa þeim matinn þangað.

Skóladagatal

Bíldudalsskóli

Samkvæmt skóladagatali eru skóladagar nemenda 180. Kennsludagar nemenda eru 179 og dagar þar sem verulega er brugðið frá lengd skóladags eru alls 6. Þeir dagar eru skólasetningardagur, tveir stöðumats dagar, litlu jólin, áhrshátíðardagur og skólaslita dagur.

Kennsla fellur niður í jólaleyfi nemenda sem er frá 21. desember til og með 2. janúar. Vetrarfrí er 27. - 30. október og 19. - 20. febrúar. Páskaleyfi er frá og með 25. mars til og með 2. apríl. Einnig fellur kennsla niður vegna fimm starfsdaga kennara á skólaárinu, þ.e. 2. október, 6. nóvember, 2. janúar, 4. mars og 30. apríl. Skóladagatal Bíldudalsskóla og leikskólans Tjarnarbreyku er að finna á heimasíðu skólans:

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladagatal 2023 - 2024

Nefn skóla:

Skóli	1. t. 2023	2. t. 2023	3. t. 2023	4. t. 2023	5. t. 2023	6. t. 2023	7. t. 2023	8. t. 2023	9. t. 2023	10. t. 2023	11. t. 2023	12. t. 2023	1. t. 2024	2. t. 2024	3. t. 2024	4. t. 2024	5. t. 2024	6. t. 2024	7. t. 2024	8. t. 2024	9. t. 2024	10. t. 2024	11. t. 2024	12. t. 2024
Bíldudalsskóli	1.1.23	2.1.23	3.1.23	4.1.23	5.1.23	6.1.23	7.1.23	8.1.23	9.1.23	10.1.23	11.1.23	12.1.23	13.1.23	14.1.23	15.1.23	16.1.23	17.1.23	18.1.23	19.1.23	20.1.23	21.1.23	22.1.23	23.1.23	24.1.23
Tjarnarbreyka	1.1.23	2.1.23	3.1.23	4.1.23	5.1.23	6.1.23	7.1.23	8.1.23	9.1.23	10.1.23	11.1.23	12.1.23	13.1.23	14.1.23	15.1.23	16.1.23	17.1.23	18.1.23	19.1.23	20.1.23	21.1.23	22.1.23	23.1.23	24.1.23
...

Samkvæmt ljórasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakar starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru frí og skulu skilveitir af skólagjöri í samráði við kennara og með höfðun af ljórasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

Skóladagatal Bíldudalsskóla er sameiginlegt fyrir leik- og grunnskólann.


Með því að smella á myndina má sjá hvernig skóladögum verður fyrir komið í vetur.

Allar ábendingar um betra fyrirkomulag á skóladagatali er gott að koma til skólaráðs Bíldudalsskóla með því að senda skólastjóra póst.

[Skoða skóladagatal hér.](#)

Stjórnskipulag

Bíldudalsskóli er lærdómssamfélag, þar sem nemendur, starfsfólk og forsjáraðilar vinna saman að því að auka gæði skólastarfsins og gera betur í dag en í gær. Við gerum öll okkar besta og setjum markið hátt. Starfsfólk er fyrirmyndir nemenda í starfsháttum og mikilvægt er að öll hafi aðstöðu og næði til að sinna vinnu sinni vel, leggja metnað í verkefni og sína faglega framkomu.



Kennarar og starfsfólk

Starfsfólk Starfsmenn Bíldudalsskóla og Leikskólans Tjarnarbrekku eru í allt 14 en það eru skólastjóri, fjórir kennarar, tveir stuðningsfulltrúar sem einnig starfar í frístund, fjórir ræstitæknar og fjórir starfsmenn Tjarnarbrekku. Þá eru einnig 1 stundarkennari sem kennir nemendum sund á Tálknafirði. Í mötuneyti skólans í Baldurshaga starfar einn starfsmaður en matur kemur frá Vegamótum. Eftirtaldir starfsmenn starfa við Bíldudalsskóla og Tjarnarbrekku skólaárið 2023-2024:

Nafn	Staða	Netfang
Anna Vilborg Rúnarsdóttir	Umsjónarkennari 5. – 7. bekkjar	annavilborg@vesturbyggd.is
Cherry Jantorn	Stuðningur/Frístund	cherryless23@gmail.com
Elínborg Benediktsdóttir	Leiðbeinandi Tjarnarbrekku	elinborg@vesturbyggd.is
Emilía Sara Bjarnadóttir	Umsjónarkennari 1.-4.bekkjjar	emilia@vesturbyggd.is
Ewelina Broniszewska	Ræsting	Ew.broniszewska@wp.pl
Izabela Niecikowska	Ræsting	izabela.niecikowska@op.pl
Jóna Sigríður Runólfsson	Aðst. matráður	jona@smart.is
Klara B.H.Hjálmarsdóttir	Umsjónarkennari 8.-10.bekkjjar	klaraberglind@vesturbyggd.is
Krisný Maren Þorvaldsdóttir	Stuðningur/Frístund	kristnym99@gmail.com
Lára Þorkelsdóttir	Deildarstjóri Tjarnarbrekku	lara@vesturbyggd.is
Lilja Rut Rúnarsdóttir	Skólastjóri/Leikskólastjóri	liljarut@vesturbyggd.is
Marion Worthmann	Sund	maya@talknafjordur.is
Nattapat Khongchumchuen	Kennari	nattapat@vesturbyggd.is

Paulina Petka	Ræsting	petkapaulina@gmail.com
Rut Ólafsdóttir	Leikskólaliði/öryggisfulltrúi	rut@vesturbyggd.is
Signý Sverrisdóttir	Deildarstjóri/sérkennari	signy@vesturbyggd.is
Sólveig Halla Hallgrímsdóttir	Almennur starfsmaður	Solveighalla0@gmail.com
Stepánka Simová	Ræsting	simovastepanka@seznam.cz

Starfslýsingar

Starfslýsingar eru að finna á heimasíðu Bíldudalsskóla og Tjarnarbrekku:

<https://bildudalsskoli.is/starfslýsingar>

Viðtalstímar kennara eru eftir samkomulagi .Viðtalstímar kennara á Tjarnarbrekku eru eftir samkomulagi foreldra, deildarstjóra og leikskólastjóra.

Forföll kennara grunnskóla

Komi til forfalla kennara eru nemendur í 1.- 4. bekk aldrei sendir heim. Nemendur í 5.- 7. bekk og 8. – 10. bekk gætu verið sendir heim en þá er reynt að takmarka það eins og hægt er. Leitast er við að leysa öll forföll með forfallakennslu eins og unnt er.

Forföll kennara leikskóla

Ef senda þarf börn heim vegna manneklu og veikinda starfsfólks er hringt í viðkomandi foreldra eða send skilaboð þar um. Ekki er gefinn afsláttur af gjaldi sökum þessa. Aðgerðir sem gripið er til áður en til þess kemur að senda börn heim vegna manneklu:

1. Veikindaafleysing fer inn á deild eða þar sem vantar starfsmann (8,33% af grunnmönnun í hverjum leikskóla).
2. Undirbúningstímar færðir til t.d. – taka þegar rólegur tími gefst t.d. í útiveru.
3. Börn færð milli deilda.
4. Sérkennari tekur hóp eða kemur inn á deild eftir atvikum.
5. Hringt í foreldra og börn sótt.
6. Fyrirkomulag ef sækja þarf börnin:
 - a. Hringt í foreldra þeirra barna sem eru í leikskólanum á þeim tíma sem starfsfólk vantar.
 - b. Hringt í foreldra allra barna á þeirri deild sem þörfin er mest og foreldrar beðnir um að sækja börnin fyrr.
 - c. Ef um langvarandi veikindi og eða manneklu er að ræða þá þarf að fara kerfisbundið í skerðingu t.d. með því að skipta upp í hópa svo jafnræði ríki.

Fundaáætlun kennarafunda

Viðfangsefni kennarafunda hafa verið lögð niður fyrir árið. Á kennarafundum fer fram innra mat skólans jafnhliða öðrum þróunar og umbótaverkefnum og málefnum skólans hverju sinni.

Október	Nóvember	Desember	Janúar
<ul style="list-style-type: none">• Samþykka starfsáætlun skólans með kennurum og koma fyrir fræðslunefnd• Nemendaráð	<ul style="list-style-type: none">• Gera nýja öryggisáætlun og samþykka• Gera nemendakönnun• Vinna ítarlega starfsþróunaráætlun með kennurum sem verður samþykkt í nóvember og tekur gildi í janúar.• Jafnréttisáætlun	<ul style="list-style-type: none">• Gera foreldrakönnun• Röskun á skólastarfi vegna óveðurs• Rýmingaráætlun	<ul style="list-style-type: none">• Halda skólaþing• Rýna í gæðaviðmið um nám og kennslu NÝJU• Starfsmannastefna skólans.
Febrúar	Mars	Apríl	Mái
<ul style="list-style-type: none">• Nemendakönnun• Skólaþing• Viðbrögð við áföllum	<ul style="list-style-type: none">• Agamál - skólareglur• Eineltisáætlun• Áfengis- og fíknivarnir	<ul style="list-style-type: none">• Námsvísir endurskoðaður í starfsþróunar fundartíma• Endurskoða námsmatsstefnu skólans í heild sinn og námsvísi	<ul style="list-style-type: none">• Móttaka nýrra nemenda• Skimanaáætlun• Sérkennsla

Fundir

Tvisvar í mánuði, 1. og 3. miðvikudag mánaðar kl 14:00-16:00. Fundinn sitja skólastjóri og kennarar og aðrir ráðgjafar eftir fundarefni, skólastjóri stýrir fundunum.

Fundaráætlun hér að neðan sýnir áætlanir sem teknar eru fyrir, almennt á fyrri fundi mánaðar. Síðari fundurinn fer í að skipuleggja komandi mánuð, svo sem að útfæra uppbrotsdaga, skipta kennslumagni og fleira.

Leikskólinn

Fundir með starfsfólki leikskólans eru 1 þriðjudag í mánuði.

Aðrir fundir

Svo sem fundir með sérkennsluteymum, forsjáraðilum og skólastjórn eftir þörfum. Kennarar mega búast við því að vera í öðrum teymum, skólaráði, nemendaverndarráði og öðru slíku eftir samkomulagi.

Starfsáætlun nemenda

Grunnskólinn

Í stundatöflu Bíldudalsskóla eru fyrstu tvær kennslustundirnar að morgni 60 mínútur og eftir það eru kennslustundirnar 40 eða 80 mínútur. Fyrsta kennslustund hefst kl. 8:10 og síðustu kennslustundum er lokið kl. 14:45. Hádegishlé er 30 mínútur og hefst kl. 12:05 hjá nemendum.

Á morgnana eru tvennar frímínútur, kl. 9:10 hefst 20 mínútna hlé og kl. 10:30 hefst 15 mínútna hlé. Eftir hádegi er hlé kl. 13:55-14:05. Þetta hlé er notað til næringar, útiveru, hreyfingar og slökunar. Í eða eftir fyrri frímínútur snæða nemendur nesti að heiman. 1.-7. bekkur eru úti í frímínútum en 8.-10. bekkur fær að vera inni. Í frímínútum sinna skólaliðar/stuðningsfulltrúar gæslu.

Tjarnarbrekka

Leikskólinn Tjarnarbrekka opnaði aftur eftir sumarfrí þann 15.ágúst. Opið er alla daga vikunnar utan starfsdaga sem eru fimm talsins: 2.október, 6. nóvember, 2. janúar, 4. mars og 30.apríl. Skóladagatal Tjarnarbrekku er að finna á heimasíðu skólans: www.bildudalsskoli.is

Nemendafjöldi

Bildudalsskóli	Drengir	Stúlkur	Alls	Umsjónarkennari:
1.bekkur	1	2	3	Emilía Sara Bjarnadóttir
2.bekkur	0	1	1	
3.bekkur	3	0	3	
4.bekkur	0	0	0	
5.bekkur	0	1	1	Anna Vilborg Rúnarsdóttir
6.bekkur	0	2	2	
7.bekkur	2	2	4	
8.bekkur	1	2	3	Klara Berglind H. Hjálmarsdóttir
9.bekkur	1	1	2	
10.bekkur	1	1	2	
Samtals	9	12	21	

Tjarnarbrekka	Drengir	Stúlkur	Alls
2022 árgangur		1	1
2021 árgangur	4		4
2020 árgangur	1		1
2019 árgangur	1	1	2
2018 árgangur	1		1
Samtals	7	2	9

Stundaskrá/tímafjöldi

Námsgreinar-námssvið	1.-4.bekkur mín.	5.-7.bekkur mín.	8.-10.bekkur mín.	Heildartími 1.-10.bekk	Hlutfall
Íslenska	1200	840	840	2880	21%
Erlend tungumál	0	600	720	1320	10%
List og verkgreinar	649	540	540	1720	13%
Náttúrugreinar	320	480	360	1160	8%
Skólaípróttir	480	420	420	1320	10%
Samfélagsgreinar	480	240	240	960	7%
Stærfræði	960	720	720	2400	18%
Smiðjur	320	240	240	800	6%
Til ráðstöfunar/val	400	120	360	880	7%
Samtals	2800	4200	4440	13440	100%

Ráð og nefndir

Áfallaráð

Áfallaráð sér um að virkja viðbragðsáætlun við áföllum ef til kemur. Allt starfsfólk eru viðbragðsaðilar ef virkja þarf áætlun skólans. Áfallaráð er skipað þeim sem sjá um að virkja áætlunina, leggja mat á til hvaða aðgerða þarf að grípa og er ábyrgt fyrir að skrá niður og halda utanum aðgerðir og skrá eftirfylgni og síðan málalok.

- Lilja Rut Rúnarsdóttir, skólastjóri
- Signý Sverrisdóttir, deildarstjóri og sérkennari
- Erla Björk Sveinbjörnsdóttir, sérkennari og ráðgjafi
- Sigríður Helgadóttir, sálfræðingur, til vara

https://www.bildudalsskoli.is/files/ugd/3f0519_c43c14fd7f514dfbbaee4de87b554b19.pdf

Foreldra- og skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð (skv. 9.gr. laga nr. 91 frá 2008) sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endaleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki

sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar. Sveitarstjórn getur ákveðið að skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla starfi sameiginlega í einu ráði í samreknum leik- og grunnskóla, skv. 45. gr. laga um grunnskóla. Miða skal við að fulltrúar nemenda komi úr efstu bekkjum grunnskólans og að fulltrúar foreldra og kennara komi frá báðum skólastigum. Ákvæði þetta gildir einnig um skóla þar sem tvö eða fleiri sveitarfélög hafa samvinnu um rekstur hans, sbr. 1. mgr. 45. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Við Bíldudalsskóla og Tjarnarbrekku starfar skóla- og foreldraráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótnun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólahald. Skólastjóri hefur forgöngu um stofnun skóla- og foreldraráðs. Hann situr í ráðinu og stýrir starfi þess. Auk skólastjóra sitja í skóla- og foreldraráði:

- Einn fulltrúi foreldra frá báðum skólastigum
- Einn fulltrúi kennara frá báðum skólastigum
- Einn fulltrúi annars starfsfólks
- Tveir fulltrúar nemenda Starfsáætlun Bíldudalsskóla og Tjarnarbrekku 2022- 2023 20
- Einn fulltrúi grenndarsamfélags eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra valinn af öðrum fulltrúum skólaráðs.

Foreldra- og skólaráð veturinn 2023-2024:

Lilja Rut Rúnarsdóttir, skólastjóri

Signý Sverrisdóttir, fulltrúi kennara

Elínborg A. Benediktsdóttir, fulltrúi starfsfólks leikskóla

Jörundur Garðarsson, fulltrúi grenndarsamfélagsins

Loana Nordli, fulltrúi foreldra grunnskólans

Emilía Sara Húnfjörð Bjarnadóttir, fulltrúi foreldra leikskólans

Jóna Runólfsdóttir fulltrúi annars starfsfólks

Védís Eva Elfarsdóttir, fulltrúi nemenda unglingsstigs

Gunnar Nökkvi Elfarsson, fulltrúi miðstigs

Starfsáætlun foreldra- og skólaráðs haustfundur:

- Funda- og starfsáætlun skólaráðs rædd og uppfærð ef þörf þykir. Starfsáætlun skólans yfirfarin og athugasemdir teknar fyrir. Fyrirkomulag haustfunda og viðtala kennara, foreldra og nemenda yfirfarið og rætt. Mötuneytismál.
- Skólanámskrá yfirfarin og rædd. Foreldrafélag, samstarf heimila og skóla, upplýsingamiðlun. Tilhögun námsmats.
- Heimanám, starfshættir nemendaverndarráðs, fjárhagsáætlun. Framkvæmdamál.
- Námsmarkmið skólans m.t.t. aðalnámskrár, framkvæmd agastefnu, nemendafélag, hagsmunamál nemenda. Vorfundur
- Sérfræðiþjónusta, námsaðlögun, kennsluaðferðir, niðurstöður samræmdra prófa og læsisprófa. Námsmat.
- Staða list- og verkgreinakennslu, starfsþróunaráætlun, starfsmannastefna. Staða framkvæmda við skólann.
- Stundaskrár rammi næsta vetrar, valgreinar, starfsmannauglýsingar skóladagatal næsta vetrar.
- Viðmiðunarstundaskrá, niðurstöður starfsmannasamtala. Námsmat. Samstarf heimila og skóla.

- Innritun nemenda, ráðningar starfsmanna, forvarnaráætlun, skólareglur, umhverfisstefna, niðurstöður kannana.
- Skipan starfsmannateyma næsta vetrar, skólahúsnæði og skólalóð, öryggi og aðbúnaður, innkaup námsgagna, matsvinna.
- Mat á starfsáætlun, drög að starfsáætlun næsta árs

Foreldrafélag

Samkvæmt 9. gr. Grunnskólalaga stendur eftirfarandi um foreldrafélag. Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð. Foreldrafélagið heldur aðalfund á hverju hausti þar sem farið er yfir áherslur vetrarins. Foreldrar skipta með sér verkum í þeim verkefnum sem þeir vinna í samráði við skólana sem og að fara yfir þau mál sem eiga við hverju sinni.

Stjórn foreldrafélags veturinn 2023-2024:

- Elva Mjöll Hauksdóttir, formaður
- Erla Rún Jónsdóttir, ritari
- Elfar Steinn Karlsson, gjaldkeri

Nemendafélag- og nemendaráð

Nemendafélag 10. gr. grunnskólalaga fjallar um nemendafélag og kemur eftirfarandi fram: Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, meðal annars um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr. Nemendur kjósa í stjórn félagsins og hafa þær starfsreglur gilt undanfarin ár að formaður komi úr 10. bekk, ritari úr 9. bekk og meðstjórnandi úr 8. bekk. Gert er ráð fyrir að ráðið fundi reglulega með umsjónarmanni nemendaráðs og halda fundargerð sem er birt á heimasíðu skólans.

Skóla- og sérfræðipjónusta

Samkvæmt Lögum um grunnskóla nr. 91/2008 á skólinn „að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.“ Í reglugerð um nemendur með sérþarfir nr. 585/2010 er áréttað að allir nemendur eigi að fá „jöfn tækifæri á eigin forsendum til náms og virkrar þátttöku í grunnskólum án aðgreiningar þannig að komið sé til móts við náms-, líkams-, félags- og tilfinningalegar þarfir þeirra.“ Skóli án aðgreiningar er byggður hugmyndum um jafnræði og réttlæti en ekki á því að allir séu á sama stað á sama tíma að gera það sama. Stundum hentar nemanda að vera með samnemendum í bekknum að vinna verkefni, stundum hentar að fara annað í minni hóp. Stutt er við kennara og búið til lærdómsumhverfi þar sem sérkennarar og kennarar nýta og deila betur þekkingu sinni á milli með hæfni nemandans

að leiðarljósi. Veita skal túlkþjónustu í almennum foreldraviðtölum (tvisvar á ári) ef foreldrar nemanda tala ekki íslensku eða takmarkaða íslensku. Einnig er hægt að kalla til símatúlk ef nauðsynlegt er að koma upplýsingum til foreldra, t.d. ef barn meiðist eða ef eitthvað alvarlegt kemur upp á í skólanum. Hvetja skal báða foreldra nemanda til mæta í viðtölin og ekki er æskilegt að annað foreldrið túlki fyrir hitt, frekar skal nýta sér þjónustu túlks. Í sumum tilfellum afþakka foreldrar túlkþjónustu af hálfu skóla en benda skal á að túlkur er ekki eingöngu kallaður til foreldranna vegna heldur líka til að túlka fyrir starfsfólk skóla. Því þurfa foreldrar og starfsfólk að vera sammála um að ekki þurfi túlks við.

Nemendaverndarráð/Stoðþjónustu Teymi

Ný lög um Velferð barna tóku gildi 1. janúar 2022, unnið er að breytingu á allri stoðþjónustu við nemendur. Of fljótt er að segja til um áhrif þessara breytinga en vænst er að breytingin komi nemendum til góða.

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra nemenda og forvarnarstarfs. Allar nánari upplýsingar um nemendaverndarráð má finna inni á heimasíðu skólans: <https://www.bildudalsskoli.is/nemendaverndarrad?fbclid=IwAR3paW340JmEDj4ljs3T0PG13qmPg7JhcTQUskyX-sxss4J0aPnsOJLink>

Ákveðið var að stoðþjónustuteymi Vesturbyggðar tæki að sér hlutverk nemendaverndarráðs og mun funda sérstaklega ef upp koma mál sem þarf að taka fyrir:

- Sturla Brynjólfsson, sálfræðingur
- Erla Björk Sveinbjörnsdóttir, iðjubjálfi/sérkennsluráðgjafi
- Theódóra Jóhannsdóttir, ráðgjafi félagsþjónustu

Sálfræðingur

Sálfræðingur Bíldudalsskóla og Tjarnarbrekku er Sturla Brynjólfsson sem starfar hjá Litlu kvíðamiðstöðinni. Til hans er hægt að leita ef upp koma erfið mál, einnig eru í boði símafundur ef á þarf að halda. Heimsóknirnar eru skipulagðar í samráði við umsjónarmann sérkennslu, deildarstjóra og skólastjóra. Gert er ráð fyrir reglulegum heimsóknum sálfræðingsins veturinn 2023-2024 eða mánaðarlega. Sálfræðingur vinnur að forvarnarstarfi í samvinnu við starfsmenn skóla meðal annars með kennslufræðilegum og sálfræðilegum athugunum og greiningu á nemendum sem eiga í erfiðleikum sem hafa áhrif á nám þeirra. Sálfræðingur situr fundi í nemendaverndarráði þegar hentugt er og hittir stjórnendur og kennara í skólanum eftir þörfum. Hann skipuleggur og stjórnar skilafundum með nemendum, foreldrum og starfsmönnum skólans.

Verksvið sálfræðings:

- Athugun og greining á nemendum sem geta ekki nýtt hæfileika sína í námi og starfi og eiga í sálrænum, félagslegum eða námslegum erfiðleikum.
- Skipulagning á meðferðarúræðum fyrir nemendur.

- Ráðgjöf og leiðbeiningar til foreldra og starfsmanna skóla um uppeldi og kennslu nemenda.
- Samvinna við einstaklinga og stofnanir sem fara með fjölskyldumál.
- Tengsl við félags- og heilbrigðisvið vegna barnaverndarmála.
- Öflun og miðlun upplýsinga.

Talmeinafræðingur

Talmeinafræðingur á vegum Ásgarðs, sinnir talþjálfun í Bíldudalsskóla. Þessir tímar eru einu sinni í viku að jafnaði. Trappa býður upp á talþjálfun fyrir börn í gegnum fjarbúnað. Einstaklingar setjast niður í skóla en talmeinafræðingur er staðsettur á skrifstofu Tröppu í Aðalstræti í Reykjavík. Aðgengi eykst til muna og tími talmeinafræðinga og aðstandenda nýtist betur auk þess sem þekking yfirfærast til sérfræðinga í skólum eða heilbrigðisstofnunum.

Sérfræðiþjónusta við starfsfólk Bíldudalsskóla

Ásgarður veitir starfsfólki sérfræðiaðstoð og skólinn er í þróunarvinnu með öðrum sérfræðingum að auki.

Heilsugæsla

Skólaheilsugæsla er á vegum Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða. Markmið heilsuverndar skólabarna er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsemi hennar er samkvæmt lögum, reglugerðum og tilmælum Landlæknis. Í henni felast skimanir, viðtöl um lífsstíl og líðan, bólusetningar og heilbrigðisfræðsla, ásamt ráðgjöf til nemenda, fjölskyldna þeirra og starfsfólks skólans. Nánari upplýsingar um starfsemi skóla heilsugæslunnar má nálgast á Heilsuvefnum. Starfandi skólahjúkrunarfræðingur í Bíldudalsskóla í vetur verður Hrafnhildur Ólöf Ólafsdóttir. Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem veita skólabarninu þjónustu. Starfsfólk heilsugæslunnar er bundið þagnarskyldu. Starfsfólk veitir fyrstu hjálp ef slys ber að höndum. Ef barn veikist í skólanum eða meiðist alvarlega er haft samband við forráðamenn.

Námsráðgjafi og iðjuþjálfari

Ekki hefur tekist að ráða námsráðgjafa hjá Vesturbyggð í vetur og vonir standa til þess að málið leysist. Ef ekki fær skólinn aðgang að náms- og starfsráðgjafa í gegnum Ásgarð og ráðgjöf frá iðjuþjálfara.

Símenntunaráætlun - starfsþróunaráætlun

Starfsmaður ber ábyrgð á að viðhalda þekkingu sinni og færni með þátttöku á ráðstefnum, sem og starfsþróunar námskeiðum, viðurkenndu framhaldsnámi og með eigin starfsþróunaráætlun. Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og skólastjóra að bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi. Símenntun kennara skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skólans og þær áherslur sem eru á hverjum tíma í umbótastarfi skóla. Að frumkvæði skólastjóra mótast hver skóli áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun

starfsfólks hans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár. Áherslur Bíldudalsskóla birtast hér fyrir neðan.

Starfsþróun kennara má skipta í tvo meginþætti: Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Í þeim tilfellum sem kennari sækir sér nám á háskólastigi sem nýtist í starfi er æskilegt að skólastjóri heimili kennara að nota hluta þeirra 150 klst. sem ætlaðar eru til starfsþróunar / undirbúnings kennara til námsins.

Áherslur skólaársins hafa verið settar fram frammar í þessari áætlun. Kennarar og skólastjóri ætla að setja saman nýja starfsþróunaráætlun í nóvember sem mun byggja á þeim áherslum sem settar hafa verið. Ný starfsþróunaráætlun verður birt í janúar. Búið er að taka frá tíma í fundaáætlun.

Viðfangsefni innra mats

Mati á skólastarfi er yfirleitt skipt í innra og ytra mat. Með innra mati er átt við sjálfsmat stofnunar, unnið af starfsmönnum hennar. Markmið innra mats er að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá grunnskóla. Grundvallaratriði innra mats er að það stuðli að umbótum sem bæti skólastarfið og efli skólaþróun. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi stofnunar sem unnin er af utanaðkomandi aðilum. Í gildandi lögum um grunnskóla er að finna ákvæði um mat á skólastarfi. Þar er megináhersla lögð á sjálfsmat skóla en jafnframt ber menntamálaráðuneytinu að sjá til þess að fram fari ytra mat á starfsemi einstakra skóla eða á einstökum þáttum skólastarfs og jafnframt að úttekt sé gerð á sjálfsmatsaðferðum skóla. Hér fyrir neðan gefur að líta niðurstöður ytra matsins frá árinu 2017 þegar fyrst var farið í þessa vinnu. Í skýrslu innra mats frá síðastliðnu vori má svo sjá hvernig gengið hefur að vinna að umbótum þessa þrjá þætti.

Innra mat er fagleg ígrundun og greining á gögnum um starfið í Bíldudalsskóla þar sem mat er lagt á hversu vel tekst að ná þeim gæðum og þeim árangri sem stefnt er að út frá fyrirfram ákveðnum viðmiðum. Leitast er við að greina styrkleika í starfi skólans, hvaða þætti þurfi að bæta og hvað þurfi að gera til að skólinn verði enn betri.

Innra mats teymi skólans skipa skólastjóri ásamt kennurum og starfsfólki skólans. Teymið vinnur í nánú samstarfi við skólaráð um skipulag og framkvæmd innra matsins. Ráðgjafar Ásgarðs munu sjá um að styðja starfsfólk skólans við að tileinka sér nýja starfshætti við innra mat, setja viðmið og meta hvern þátt fyrir sig þar til nýir starfshættir verða orðnir fastir í sessi.

Langtímaáætlun um innra mat til fimm ára frá árunum 2018 – 2023 verður endurskoðuð

Fyrirhuguð verkefni skólaársins:

Spurninga- og viðhorfskannanir: nemendur, foreldrar, starfsfólk. Helst tvisvar sinnum yfir veturinn, að hausti og svo aftur að vori.

- Niðurstöður ýmis konar námsmats sem fer fram jafnt og þétt allan veturinn.
- Framfarir nemenda (t.d. út frá læsis athugunum, samræmd prófum, námsmati skólans o.fl).

- Starfsáætlun og mat á henni
- Fundargerðir.
- Ýmis konar skýrslur t.d. vorskýrslur kennara og sérkennara, skýrslur um smiðjuverkefni o.fl

Spurningalistar sem lagðir eru fyrir foreldra, kennara og nemendur hefur Bíldudalsskóli þróað á nokkrum árum. Með þeim er leitað eftir viðhorfum og skoðunum á starfsemi skólans sem og könnuð líðan og starfsánægja. Þegar úrvinnsla listanna liggur fyrir eru niðurstöður kynntar hlutaðeigandi. Allar kannanirnar eru nafnlausar og fá hlutaðeigandi sendar læsta slóð á vefsvæði sitt til að svara könnuninni.

Allar helstu áætlanir skólans verða endurskoðaðar í vetur sem er hluti af innra mati skólans.

Námskrár og áætlanir

Í námsvísi skólans er yfirlit yfir þau verkefni sem vinna nemenda byggir á. Hvert þema er drifið áfram af einum ákveðnum grunnþætti hverju sinni - en á sama tíma lita allir grunnþættirnir allt starf skólans. Hugtökin sem lýsa þemanu ásamt grunnþáttum hnýta saman námsgreinarnar. Námsvísirinn gefur heildaryfirlit yfir uppbyggingu náms yfir heilt ár.

Á hverju skólaári fara nemendur í gegnum sex þemaverkefni sem birtast í ólíkum myndum í gegn um skóladag nemenda. Meginaðferðirnar eru þær sömu ár eftir ár þó viðfangsefnin í þemaverkefnunum og nálganir breytist enda eru þau endurskoðuð af kennurum á hverju vori og hausti. Námsvísirinn er gæðastýringartæki og tryggir jafnframt fjölbreytni í starfsháttum bæði fyrir nemendur og kennara. Eitt viðfangsefni stýrir vinnunni en nemendur vinna að markmiðum á sínum forsendum. Alltaf er lögð áhersla á tengingu hvers og eins nemanda við viðfangsefnin og framfarir viðkomandi.

Undir hverju þema er tiltekið hvaða lykilhæfni, viðmið um árangur og persónulegu markmið eru áhersluatriði hverju sinni. Í námsvísinum kemur líka fram hvernig viðkomandi þemaverkefni tengist markmiðum skólans um að vera stöðugt að stuðla að bættum heimi.

Í námsvísinum hefur hver grunnþáttur sinn dálk og undir honum birtast áhersluatriði þemans hvað varðar lykilhæfni, námsgreinar o.fl. Þegar námsvísirinn er lesinn frá vinstri til hægri er hægt að lesa fjölbreytnina. Þegar lykilhæfnin er lesin frá vinstri til hægri á að koma í ljós að sérstök áhersla er lögð á hverja lykilhæfni að minnsta kosti tvisvar sinnum yfir veturinn. Auðvitað er stanslaust verið að vinna með lykilhæfni og grunnþætti - en með því að leggja sérstaka áherslu á ákveðnum tímum tryggir námsvísirinn ákveðna dýpt og skipulag.

Hvert þemaverkefni hefur sérstaka tengingu við heimsmarkmiðin þar sem nemendur geta valið að beintengja heimsmarkmiðin við útfærslu eigin verkefna eða vinna sérstök alþjóðleg verkefni þar sem nemendum er gert að leggja sitt af mörkum við að ná heimsmarkmiðunum.

Skólinn nýtir þjónustu og ráðgjöf frá sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins. Móttaka og útskrift allra nemenda er með skipulögðum hætti. Samfella er í námi milli skólastiga. Starfsmenn búa yfir þekkingu og reynslu til að mæta náms- og félagslegum þörfum í fjölbreytilegum hópi nemenda. Stjórnendur sjá til þess að þekkingar sé aflað og viðhaldið og reynsla nýtist í starfsmannahópnum. Öll meðferð upplýsinga um einstaklinga fer að lögum um persónuvernd og í samráði við viðkomandi nemanda og foreldra. Heimasíða skólans hefur að geyma

leiðbeinandi upplýsingar um skólastarf, þar með talið heildaráætlun. Upplýsingar um skólastarfið eru birtar á sem flestum tungumálum nemenda skólans.

Starfshættir og námsmat

Starfshættir taka mið af hugmyndafræði náms án aðgreiningar. Litið er á margbreytileika sem auðlegð og hann nýttur til að hagsbóta fyrir alla nemendur. Unnið er markvisst að því að koma auga á og ryðja úr vegi hindrunum sem takmarka möguleika nemenda til náms, aukins þroska og virkrar þátttöku. Væntingar eru gerðar til náms allra nemenda. Þeir eru hvattir til árangurs í jákvæðu og sveigjanlegu námsumhverfi sem einkennist af öryggi, vellíðan og viðurkenningu. Nemendur læra á fjölbreyttan hátt og fá viðeigandi stuðning sem fyrst og fremst er veittur innan þess bekkjar/námshópa sem nemandi tilheyrir. Námskrá tekur mið af námslegum, líkamlegum og félagslegum þörfum nemenda.

Námsmatið er afar mikilvægt í námsferli nemenda og mikilvægur þáttur í því að nemendur verði ábyrgir fyrir eigin námi. Námsmatið er leið til þess að styðja nemendur við að færast sífellt nær markmiðum sínum.

Í Bíldudalsskóla er námsmatið samofið kennslunni í þeim tilgangi að bæta nám og kennslu. Námsmatið ber skýr einkenni leiðsagnarmats vegna þess að matið stuðlar að námi og aðlagar stöðugt kennsluna og námið að þörfum nemandans. Í upphafi verkefna er nemendum gert grein fyrir til hvers er ætlast af þeim og þeim greint frá þeim viðmiðum um árangur sem liggja til grundvallar. Námsmat fer fram jafnóðum í reglulegu samtali við kennara sem meta framlag verkefna inn á Askinn. Nemendur fá þumal fyrir að hafa uppfyllt öll viðmið, klapp ef þau unnu hluta viðmið, upphrópun fyrir að hafa ekki tekið þátt og stjórnun fyrir framúrskarandi árangur sem er langt umfram viðmið.

Samstarf heimilis og skóla

Allt samstarf heimila og skóla hefur það yfirlýsta markmið að stuðla að betri skóla og aukinni velferð nemenda. Lögð er rækt við að byggja upp traust foreldra á skólastarfinu. Stjórnendur og umsjónarkennarar halda uppi virku samstarfi við foreldra með aðstoð annarra kennara skólans, meðal annars með því að kynna námsmarkmið og leiðir að þeim. Allir foreldrar fá þau skilaboð frá skólanum að hlutverk þeirra í námi barnanna sé mikilvægt og samstarfið við þá skipti velferð barns þeirra afar miklu máli. Foreldrar eru velkomnir í skólann, þeir fá tækifæri til að taka þátt í námi barnsins, svo og í skólastarfinu almennt. Samskipti við foreldra eru á jafnréttisgrundvelli og einkennast af gagnkvæmri virðingu. Foreldrar eru vel upplýstir um líðan og stöðu barna sinna og hafa góðan aðgang að upplýsingum um skólastarfið. Foreldrar sýna námi barna sinna áhuga og taka virkan þátt í því. Þeir fylgjast með og styðja við skólagöngu barna sinna og stuðla að því að börnin mæti úthvöld í skólann og fylgi skólareglum.

Helstu viðburðir skólaársins

Bíldudalsskóli

- Skólasetning 21. ágúst.

- Skólasetning fer fram í skólanum að foreldrum viðstöddum. Að loknu ávarpi skólastjóra fer hver nemendahópur með sínum umsjónarkennara í heimastofu.
- Starfsdagar
 - 2. október, 6. nóvember, 2. janúar, 4. mars og 30. apríl.
- Íþróttadagur unglíngastígs – 14. september
 - Nemendur á unglíngastígi í Bíldudalsskóla, Tálknafjarðarskóla, og Patreksskóla eyða deginum saman í íþróttaleikjum og skemmtun í Íþróttamiðstöð Tálknafjarðar.
- Íþróttadagur á Bolungarvík, unglíngastígi. 12. október.
- Barnamenningarhátíð 15.-22. september.
- Nemendastýrð foreldraviðtöl 13. október.
- Alþjóðlegi Kabuki Dagurinn – 23. október
- Grænn dagur í Bíldudalsskóla og Tjarnarbrekku.
- Vetrarfrí – 27. og 30. október
- Baráttudagur gegn einelti – 8. nóvember
 - Unnin eru verkefni sem tengjast forvörnum gegn einelti.
- Dagur íslenskrar tungu – 16. nóvember.
 - Allir árgangar vinna verkefni í tengslum við daginn.
- Vinavíka – 7.- 10. nóvember. Allir árgangar taka þátt í dagskrá sem ætlað er að stuðla að jákvæðum samskiptum og uppbyggilegum skólabrag.
- Dagur mannréttinda barna – 20. nóvember - einnig er unnið er með mannréttindasáttmálann gegnum fjölda verkefna allan veturinn.
- Litlu jólin – 20. desember 2023
- Dagur leikskólans 6. febrúar
 - Nemendur Tjarnarbrekku halda myndlistarsýningu á Vegamótum og syngja fyrir starfsmenn og gesti.
- Dagur tónlistarskólans 7. febrúar 2024
- Öskudagur – 14. febrúar 2024
- Nemendur og foreldrar fara yfir stöðu nemandans með umsjónarkennara.
- Foreldraviðtöl 16. febrúar 2024.
- Vetrarfrí 19. – 20. febrúar 2024
- Konudagskaffi, mömmur og ömmur – 19. febrúar
 - Haldið upp á daginn föstudaginn 23. febrúar.
- Íþróttadagur miðstígs – 7. mars 2024
- Nemendur á miðstígi í Bíldudalsskóla, Tálknafjarðarskóla, og Patreksskóla eyða deginum
 - saman í íþróttaleikjum og skemmtun í Íþróttamiðstöð Tálknafjarðar.
- Dagur stærðfræðinnar – 14. mars
- Árhátíð – 21. mars 2024
- Páskafrí 25.-27. apríl 2024
- Sumardagurinn fyrsti 25. apríl 2024. Fríddagur í leik- og grunnskóla.
- Dagur umhverfisins – 25. apríl
- Dagur umhverfis ber upp á sumardaginn fyrsta þannig að við tökum hann 26. apríl þá fara allir árgangar um skólalóð og næsta nágrenni skólans, tína upp rusl og taka til hendinni með
 - fjölbreyttum hætti.
- Vordagar 28.-31. maí

- Nemendur taka þátt í fjölbreyttri dagskrá þar sem lögð er áhersla á útvíst og náttúruvernd.
- Skólaslit - 31. maí 2024.
- Skólaslit nemenda fara fram í Bíldudalskirkju.

Tjarnarbrekka

- Opnað eftir sumarfrí – 15. ágúst 2023
- Starfsdagar
 - 2. október, 6. nóvember, 2. janúar, 4. mars og 30. apríl.
- Baráttudagur gegn einelti – 8. nóvember
 - Unnin eru verkefni sem tengjast forvörnum gegn einelti og vináttu.
- Dagur íslenskrar tungu – 16. nóvember
 - Allir árgangar vinna verkefni í tengslum við daginn.
- Vinavika – 7. -10. nóvember
 - Allir árgangar taka þátt í dagskrá sem ætlað er að stuðla að jákvæðum samskiptum og uppbyggilegum skólabrag.
- Litlu jólin – 21. desember 2023
- Bóndadagur, þabbar og afar boðnir velkomnir – 19. janúar
- Dagur leikskólans – 6. febrúar
- Konudagskaffi, mömmur og ömmur – 19. febrúar
- Haldið upp á daginn föstudaginn 23. febrúar.
- Öskudagur – 14. febrúar
- Opið hús og útskrift á Tjarnarbrekku - 24. maí 2024

Endurskoðun áætlana skólaárið 2023-2024

Allar áætlunir skólanna má nálgast inni á heimasíðu Bíldudalsskóla og Tjarnarbrekku <https://www.bildudalsskoli.is/skolanamskra> en þær eru eftirfarandi:

- Móttaka nýrra nemenda haust 2022
- Áfengis- og fíknivarnir
- Eineltisáætlun
- Viðbrögð við áföllum
- Rýmingaráætlun
- Jafnrétti og mannréttindi
- Öryggis- og slysavarnir
- Agamál
- Röskun á skólastarfi vegna óveðurs
- Sérkennsla
- Starfsmannastefna skólans.
- Nemendaráð